

**Opinber stuðningur við skipulag og uppbyggingu
á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins**

***Menntamálaráðuneytið
2005***

Menntamálaráðuneytið

Desember 2005

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

© 2005 Menntamálaráðuneytið

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	4
2. NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR.....	6
3. SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVAR.....	8
4. ÁRANGUR AF STARFRÆKSLU SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA	10
5. STARFSEMI SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA.....	15
6. HLUTVERK SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA VIÐ KENNSLU Á HÁSKÓLASTIGI.....	17
7. FJÁRHAGSGRUNDVÖLLUR SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA VIÐ MIÐLUN KENNSLU Á HÁSKÓLASTIGI.....	20
8. UPPBYGGING HÁSKÓLANÁMSSETRA.....	22
9. SKIPULAG FJARKENNSLU Á HÁSKÓLASTIGI - NETHÁSKÓLI.....	24
10. LOKAORÐ.....	26

1. Inngangur

Menntamálaráðherra skipaði þann 16. apríl 2004 starfshóp til að fjalla um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Í skipunarbréfi ráðherra segir m.a:

Starfshópnum er ætlað að gera tillögu um það hvaða meginsjónarmið verði lögð til grundvallar slíkum stuðningi, þannig að samræmis og jafnræðis sé gætt varðandi þá aðstöðu sem, þeim sem stunda framhalds- eða háskólanám í fjarnámi, er sköpuð til að stunda nám sitt.

Starfshópurinn skal, á grundvelli þeirrar reynslu sem fengin er af starfrækslu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, leggja mat á það hverju opinber stuðningur við þær hefur skilað og hvernig skynsamlegast er að haga honum í framtíðinni. Þá skal nefndin fjalla um hlutverk og fjárhags- og starfsgrundvöll símenntunarmiðstöðvanna m.a. við miðlun kennslu á háskólastigi.

Nefndin skal einnig fjalla um uppbyggingu svokallaðra háskólanámssetra á landsbyggðinni og gera tillögu um það hvernig henni verði háttað og hvernig fara eigi með ábyrgðar-, verka- og kostnaðaskiptingu aðila í héraði, ríkisvaldsins og einstakra háskólastofnana. Skal það haft að leiðarljósi að hlutverk þessara setra verði skilgreint með samræmdum hætti og að stuðningur við þau byggist á hlutlægum forsendum.

Starfshópin skipuðu:

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, formaður.

Arnór Guðmundsson, þróunarstjóri, menntamálaráðuneyti, án tilnefningar.

Stefán Stefánsson, deildarstjóri, menntamálaráðuneyti, án tilnefningar.

Jón Hjartarson, forstöðumaður Fræðslunets Suðurlands, tilnefndur af Kvasi.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, tilnefnd af Kvasi.

Rögnvaldur Ólafsson, dósent við H.Í., tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Ögmundur Knútsson, framkvæmdastjóri starfsþróunar og stefnumótunar við H.A., tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Inga Sigurðardóttir, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, tók sæti Jóns Hjartarsonar vegna veikinda hans á miðju starfstímabili nefndarinnar.

Jens Pétur Hjaltested, sérfæðingur, menntamálaráðuneyti, starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hittist tólf sinnum á starfstíma sínum og fjallaði um þau verkefni sem henni var ætlað samkvæmt skipunarbréfi.

Í þessari skýrslu er gerð frekari grein fyrir tillögum nefndarinnar sem byggist á umfjöllun um símenntunarmiðstöðvar og hlutverki þeirra í þjónustu við háskólanema.

2. Niðurstöður nefndarinnar

Helstu niðurstöður nefndarinnar sem fram koma í skýrslu þessari eru eftirfarandi:

- Menntunarstig á landsbyggðinni er lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum, Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi er hlutfall fólks með háskólamenntun lægra en annars staðar á landinu.
- Símenntunarmiðstöðvar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að auka framboð á símenntun á landsbyggðinni og bæta aðstöðu til fjarnáms á háskólastigi. Fjöldi þeirra sem sækja símenntun á vegum símenntunarmiðstöðva hefur aukist úr rúmlega 3.000 árið 2000 í tæp 8.000 árið 2004. Dregið hefur úr þessari aukningu á undanförunum árum.
- Mikil aukning hefur verið í fjölda fjarnema á háskólastigi sem nýta sér aðstöðu símenntunarmiðstöðva en þeim fjölgaði úr 44 árið 2000 í 779 árið 2004. Ætla má að þessi fjölgun haldi áfram.
- Nefndin sér fyrir sér fjóra kosti hvað varðar greiðslu fyrir þá þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar veita..
 - a. Framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva verði aukin til að standa straum af kostnaði vegna aukins fjölda fjarnema í háskólum og bættrar þjónustu við þá.
 - b. Háskólar greiði símenntunarmiðstöðvum fyrir þá þjónustu sem miðstöðvarnar veita fjarnemum.
 - c. Fjarnemar á landsbyggðinni greiði fyrir þjónustu símenntunarmiðstöðva.
 - d. Komið verði á fót verkefnabundinni fjármögnun t.d. með sjóði sem símenntunarmiðstöðvar og háskólar geti sótt í til að standa straum af kostnaði við fjarnám í tímabundnum verkefnum.

Nefndin telur að stjórnvöld geti með nokkuð einföldum hætti aukið framlög til símenntunarmiðstöðva með beinum framlögum og með því að koma á verkefnasjóði. Gjaldtaka af nemendum og greiðsluþátttaka háskóla er flóknari í framkvæmd og þarf að skoðast í ljósi umræðu sem nú fer fram um fjármögnun kennslu og rannsókna á háskólastigi.

- Nefndin leggur til að sama grunnframlag verði veitt símenntunarmiðstöðvum áfram til að hægt sé að kosta grunnverkefni þeirra. Jafnframt geti símenntunarmiðstöðvar, sem miðla kennslu á háskólastigi, fengið sérstakt framlag til viðbótar við grunnframlagið vegna þjónustu við háskólanema.
- Að mati nefndarinnar er mikilvægt að háskólar og símenntunarmiðstöðvar geri samninga sín á milli um þjónustu miðstöðvanna þar sem kveðið er á um hvaða þjónustu fjarnemar háskólanna eigi rétt á. Rétt væri að þeir nemendur sem njóta þjónustu símenntunarmiðstöðva væru skráðir þar jafnhliða því sem þeir skrá sig til náms við háskóla.
- Nefndin telur mikilvægt að í bókhalði símenntunarmiðstöðva sé greint á milli annars vegar þess reksturs sem greiddur er af opinberu fé og hins vegar til starfsemi þar sem keppt er um framboð á símenntunarnámskeiðum á almennum markaði.
- Nefndin telur að ekki sé komin nægjanleg reynsla af rekstri háskólasetra á landsbyggðinni til þess að hægt sé að gera tillögur um frekari uppbyggingu slíkra setra annars staðar. Við slíka uppbyggingu þarf að taka mið af stefnu stjórnvalda í byggðarmálum á hverjum tíma.
- Nefndin telur að vinna þurfi að frekari stefnumótun í þessum málflökki. Ítarleg greining þarf að fara fram á kostnaði háskóla vegna fjarkennslu og hvernig stuðla eigi að auknu framboði.
- Nefndin leggur til að gerð verði úttekt á möguleikum þess að stofna netháskóla hér á landi. Kannaðar verði erlendar fyrirmyndir, mögulegt samstarf háskóla hér á landi, tæknilegar, faglegar, skipulagslegar og fjárhagslegar forsendur slíkrar starfsemi.

3. Símenntunarmiðstöðvar

Símenntunarmiðstöðvar eru tiltölulega nýtt rekstrarform á fullorðinsfræðslu hér á landi. Hlutverk þeirra er að efla símenntun á landsbyggðinni, veita fólki greiðari aðgang að námi og námskeiðum og skipuleggja og reka fræðslu- og kynningarstarf fyrir fullorðna. Miðstöðvarnar sinna upplýsingamiðlun um nám og störf til einstaklinga og fyrirtækja, hver á sínu starfssvæði.

Margar símenntunarmiðstöðvanna byggja á grunni farskólanna sem voru tengdir við framhaldsskólana í landinu. Um starfsemi símenntunarmiðstöðva hafa ekki verið sett sérstök lög enda engin lög í gildi um símenntun önnur en þau sem gilda um framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu og endurmenntun á þeirra vegum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997 er framhaldsskólum heimilt að fengnu samþykki menntamálaráðherra að skipuleggja endurmenntunarnámskeið eða annars konar námskeið í samstarfi við skóla, stéttarfélög eða atvinnurekendur. Samkvæmt lögum ber að halda kostnaði vegna slíks náms aðgreindum frá öðrum rekstri og skal kostnaður vegna símenntunar vera greiddur að fullu af þeim aðilum sem að náminu standa. Þótt sambærileg lög hafi ekki verið sett sem gilda um símenntunarmiðstöðvarnar hefur þó verið tekið mið af þeim í starfsemi þeirra.


Á landsbyggðinni starfa níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Starfsemi þeirra hefur vaxið ört á síðustu árum og fjöldi einstaklinga á landsvísu sem nýta sér þjónustu þeirra aukist jafnt og þétt. Miðstöðvarnar eru sjálfseignastofnanir stofnaðar á árunum 1998 til 2003 en á því tímabili var gert sérstakt átak til þess að auka markvisst símenntun í landinu. Stofnaðilar miðstöðvanna eru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. Við hverja þeirra starfa 1,5-3 stöðugildi sem sinna verkefnum samkvæmt skipulagsskrá. Það er að veita ráðgjöf, upplýsingar og miðla menntun í samvinnu við félagasamtök, fræðsluaðila og atvinnulíf.

Meginmarkmið símenntunarmiðstöðvanna sem sett eru fram í stofnskrám hvernar miðstöðvar fyrir sig, er að sinna sí- og endurmenntun fyrir einstaklinga og atvinnulíf hver á sínu svæði. Símenntunarmiðstöðvar hafa skilgreint sameiginlega sjö megin grunnverkefni, þessi verkefni eru eftirfarandi:

1. Að hvetja til þátttöku í hvers konar sí- og endurmenntun.
2. Að hækka menntunarstig á svæðunum.
3. Að tryggja fjölbreytt námsframboð á svæðunum.

4. Að veita aðgang að upplýsingum og kynna námsmöguleika.
5. Að veita ráðgjöf.
6. Að vera frumkvöðlar í þróun fræðslumála.
7. Að koma upp og reka aðstöðu fyrir starfsmenn og nemendur.

Menntamálaráðuneytið gerir samninga við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni á grundvelli fjárveitinga frá Alþingi. Samningar menntamálaráðuneytisins við símenntunarmiðstöðvarnar taka mið af meginmarkmiðum miðstöðvanna og í þeim felst viðurkenning á starfsemi þeirra.



Starfssvæði símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni

Símenntunarmiðstöðvarnar	Íbúar 18 ára og eldri
1. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - SV	10.267
2. Fræðslumiðstöð Vestfjarða - FRMST	4.980
3. Farskóli Norðurlands vestra- miðstöð um símenntun - FSNV	5.374
4. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar - SÍMEY	15.736
5. Fræðslumiðstöð Þingeyinga - FræÞing	5.602
6. Fræðslunet Austurlands - FNA	6.786
7. Fræðslunet Suðurlands - FnS	14.528
8. Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum – MSS	12.354
9. Fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja – VISKA	3.036
	78.663

4. Árangur af starfrækslu símenntunarmiðstöðva

Til þess að gefa mynd af umsvifum símenntunarmiðstöðvanna á síðustu árum hafa nemendatölur og nemendastundir símenntunarmiðstöðvanna verið teknar saman. Upplýsingarnar koma frá símenntunarmiðstöðvunum og ná þær yfir mislöng tímabil. Sumar af stöðvunum hófu starfsemi á tímabilinu sem úttektin nær yfir en aðrar höfðu ekki aðgengilegar upplýsingar sem hægt var að styðjast við. Í töflum er koma hér á eftir er að finna samantekt gagna frá hverri stöð fyrir sig um nemendatölur og námskeiðahald. Hér er ekki um að ræða heildarúttekt á árangri af starfsrækslu símenntunarmiðstöðva heldur er stuðst við þessar tölur sem ættu að gefa vísbendingar um árangur af starfsemi þeirra og umfangi

Nemendum sem sækja sér þjónustu til símenntunarmiðstöðva má skipta í þrjá hópa. Fyrsti hópurinn eru þeir sem sækja símenntunarnámskeið til miðstöðvanna. Annar hópurinn eru þeir sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna fjarnáms við framhaldsskóla og þriðji hópurinn eru þeir sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna háskólanáms. Í neðstu samtaltöflunni eru þessar upplýsingar dregnar saman í heild.

Nemendastundir eru reiknaðar með því að margfalda fjölda þátttakanda með lengd námskeiða í kennslustundum.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun	869	1.198	1.190	1.104	823
Fjöldi námskeiða	82	97	98	108	72
Nemendastundir í símenntun	28.546	24.458	29.290	26.124	18.084
Fjöldi nema í framhaldsskólanami	0	0	0	0	0
Fjöldi nema í háskólanámi	2	5	22	48	52

Fræðslumiðstöð Vestfjarða					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun	440	650	551	895	667
Fjöldi námskeiða	29	36	44	49	48
Nemendastundir í símenntun	12.085	22.033	16.580	25.003	13.555
Fjöldi nema í framhaldsskólanami	0	0	0	27	0
Fjöldi nema í háskólanámi		119	126	116	163

Farskóli Norðurlands vestra- miðstöð um símenntun - FSNV					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun	523	616	750	518	541
Fjöldi námskeiða			42	48	45
Nemendastundir í símenntun			25.748	15.928	8.913
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi	0	0	0	0	0
Fjöldi nema í háskólanámi			104	93	109

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun			645	1.439	1075
Fjöldi námskeiða			68	112	81
Nemendastundir í símenntun				31.699	25.342
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi				0	8
Fjöldi nema í háskólanámi			10	8	11

Fræping					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun			212	263	74
Fjöldi námskeiða			28	25	10
Nemendastundir í símenntun			3.814	4.275	1.738
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi			4	5	
Fjöldi nema í háskólanámi			12	25	24


Fræðslunet Austurlands					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun		657	842	1.065	837
Fjöldi námskeiða				150	75
Nemendastundir í símenntun				25.385	15.746
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi				36	15
Fjöldi nema í háskólanámi		126	130	167	183

Fræðslunet Suðurlands					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun		1.595	1.175	1.154	804
Fjöldi námskeiða				43	36
Nemendastundir í símenntun				35.953	12.073
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi		0	0	0	0
Fjöldi nema í háskólanámi		55	90	93	94


Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun	1303	1.186	1.763	1.504	2639
Fjöldi námskeiða	76	66	86	81	136
Nemendastundir í símenntun		28.456	33.214	22.480	31.153
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi					
Fjöldi nema í háskólanámi	42	53	56	90	70

VISKA - Vestmannaeyjar					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun				186	311
Fjöldi námskeiða					31
Nemendastundir í símenntun				11.078	7.304
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi				0	10
Fjöldi nema í háskólanámi				53	73

Samtals fjöldi nema					
Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi nema í símenntun	3.135	5.902	7.128	8.128	7.771
Fjöldi námskeiða	187	199	366	616	534
Nemendastundir í símenntun	40.631	74.947	108.646	197.925	133.908
Fjöldi nema í framhaldsskólanámi	0	0	4	68	33
Fjöldi nema í háskólanámi	44	358	550	693	779



Fjöldi nema í símenntun á vegum símenntunarmiðstöðva árin 2000-2004



Yfirlit það sem fram hefur komið í töflunum og línuritum hér að framan nær yfir þá símenntun sem símenntunarmiðstöðvarnar hafa yfirumsjón með. Þessar upplýsingar gefa vísbendingu um umfang símenntunar á landsbyggðinni en eru ekki tæmandi upptalning á framboði á símenntun þar sem að í einstökum tilvikum hefur verið, til lengri eða skemmri tíma, framboð á vegum annarra fræðsluaðila á landsbyggðinni.

Svo virðist sem dregið hafi úr þeirri aukningu sem verið hefur í símenntun á vegum miðstöðvanna á undanförunum árum. Nokkrar sveiflur hafa verið í starfseminni vegna átaksverkefna á vegum verkalýðsfélaga og annarra aðila en samanlagður fjöldi þeirra sem sækja símenntun er nú tæp 8.000 og hefur vaxið úr rúmlega 3.000 á fjórum árum og verður það að teljast mjög góður árangur.

Nýlega var sett á fót Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem meðal annars hefur það hlutverk að auka framboð og auka gæði náms fyrir fólk með stutta skólagöngu. Með samningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við símenntunarmiðstöðvar í landinu er einnig stefnt á að gæðavotta kennslu í skilgreindum samstarfsverkefnum Fræðslumiðstöðvarinnar og símenntunarmiðstöðvanna sem mun auðvelda að meta óformlegt nám inn í formlegt nám.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gert samning við menntamálaráðuneytið og hefur samkvæmt þjónustusamningi það meginmarkmið að greiða leið fólks með litla grunnmenntun til þess að afla sér frekari menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér ekki um að halda námskeið eða halda opnum námsleiðum heldur að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.

Reynsla símenntunarmiðstöðvanna af námskeiðahaldi og grunnmenntun fyrir fullorðna einstaklinga er mikil og mikilvægt er að sú reynsla sé vel nýtt til þess að auka gæði kennslunnar sem þar fer fram.

Samkvæmt framangreindum upplýsingum veita allar símenntunarmiðstöðvarnar þjónustu í mismiklum mæli við háskólanema. Þegar litið er á heildarfjölda þeirra háskólanema sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðvanna er þróunin augljós þar sem nemendafjöldinn virðist enn fara vaxandi. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni hafa reynst veita háskólanemum þarfa þjónustu þrátt fyrir að hafa ekki haft það hlutverk sérstaklega skilgreint né heldur hafa þær haft sérstakt fjármagn til að veita þá þjónustu. Símenntunarmiðstöðvar hafa brugðist við þörfinni og í sumum tilfellum hafa verið gerðir samningar um skilgreind verkefni á milli háskóla og símenntunarmiðstöðva. Í öðrum tilfellum hefur háskólanemum verið boðið upp á að nýta sér aðstöðu til náms og prófatöku án endurgjalds.


Framboð á háskólanámi í fjarnámi hefur verið mest í kennaramenntun, hjúkrunarfræði og viðskiptagreinum og hafa Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri mest sinnt fjarkennslu. Mismunandi er þó í hve miklum mæli þessir skólar nýta sér aðstöðu símenntunarmiðstöðvanna.

Niðurstöður könnunar sem Byggðarannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði meðal almennings á Vestfjörðum benda til þess að eftirspurn sé eftir víðara námsframboði á háskólamenntun í fjarkennslu en nú er til staðar. Má ætla að sama gildi annars staðar á landinu. Hingað til hefur framboð á háskólanámi í fjarnámi ekki verið tryggt. Námsframboðið hefur fyrst og fremst byggst á því að háskólarnir sjái sér hag í því að bjóða slíkt nám. Miðað við núverandi kerfi er að mati fulltrúa háskólanna í nefndinni ekki ríkur hvati til að auka framboðið þar sem þeir telja að meiri kostnaður fygli nemum í fjarnámi frekar en í staðnámi. Nefndin telur því nauðsynlegt að kostnaðargreining fari fram svo hægt sé að sjá hver hinn raunverulegi kostnaðarmunur er. Í núverandi fjárhagstöðu háskólanna er ólíklegt að námsframboð aukist þar sem þök eru sett á nemendafjölda og takmarkanir á gjaldtöku.

Framhaldsskólanemendur í fjarnámi sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva eru fáir og má ætla að enn dragi úr þessum þætti í starfsemi símenntunarmiðstöðvanna samhliða því að framhaldsskólar auka námsframboð sitt í fjarkennslu.

5. Starfsemi símenntunarmiðstöðva

Sá hópur Íslendinga sem ekki hefur lokið formlegri menntun umfram lögbundna grunnmenntun er töluvert stór eða um 40% þjóðarinnar. Hlutfall þessa hóps er töluvert herra á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Á Vestfjörðum, Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi er hlutfall fólks með háskólamenntun einna lægst. Ljóst er að símenntunarmiðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki við að ná til þessa fólks enda skilgreint sem eitt af grunnverkefnum miðstöðvanna að ná til þeirra sem hafa litla eða enga formlega menntun.



Nefndin telur æskilegt að ríkið haldi áfram að styrkja starfsemi símenntunarmiðstöðva til að ná til fólks með litla formlega menntun. Mikilvægt er að tryggja fast rekstrarframlag til samræmis við skilgreind grunnverkefni (sjá bls. 6–7) enda ljóst að símenntunarmiðstöðvarnar þjóna mikilvægu hlutverki í samstarfi við aðra aðila sem stefna að sama marki s.s. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, stéttarfélag, fyrirtæki, stofnanir og fl.

Símenntunarmiðstöðvar hafa verið reknar sem sjálfseignarstofnanir með aðild fræðsluaðila, stéttarféлага, ýmissa félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja. Á fjárlögum fá símenntunar-

miðstöðvarnar framlög til starfseminnar og árlega er gerður sérstakur þjónustusamningur þar um. Auk framlaga frá ríkinu aflar hver símenntunarmiðstöð sértekna.

Nefndin telur æskilegt að símenntunarmiðstöðvar starfi áfram sem sjálfseignarstofnanir sem geri samning við ríkið um starfsemi sína. Þannig sé skapaður nauðsynlegur sveigjanleiki í starfseminni og hún löguð þörfum á hverjum stað.

Mikilvægt er að gæta að samkeppnissjónarmiðum m.a. á þann hátt að í bókhaldi sé greint á milli opinberra styrkja og sértekna vegna símenntunar. Þannig sé greint á milli þess reksturs símenntunarmiðstöðvanna sem greiddur er af opinberu fé og starfsemi þar sem keppt er um framboð á símenntunarnámskeiðum á almennum markaði.

Nefndin leggur áherslu á að unnið sé að því að tryggja gæði símenntunar og að hún sé viðurkennd sem hluti af formlegu námi og í starfi.

6. Hlutverk símenntunarmiðstöðva við kennslu á háskólastigi

Mikilvæg aðferð við að tryggja hagvöxt á landsbyggðinni er uppbygging og vöxtur í menntun og rannsóknum. Í samræmi við vilja stjórnvalda um uppbygginu á Vestfjörðum og Austurlandi sem fram kemur í byggðaaætlun 2002-2006 hefur verið unnið að stofnun háskóla- og þekkingarsetra. Fyrirhuguð starfsemi í setrunum byggir m.a. á þeirri mikilvægu reynslu sem orðið hefur til á síðustu árum með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna. Einnig er lögð áhersla á að setrin verði samstarfsvettvangur um rannsóknir og nýsköpun á svæðunum.

Þegar rætt er um þekkingarsetur, háskólasetur eða símenntunarmiðstöðvar er ávallt gengið út frá því að öll kennsla á háskóla- og framhaldsskólastigi sé á ábyrgð viðurkenndra skóla. Símenntunarmiðstöðvarnar eða setrin, þar sem þess er þörf, miðli hins vegar kennslu og veiti nemendum aðstöðu og tæknilega þjónustu t.d. við próftöku. Mikilvægt er að háskólar semji við símenntunarmiðstöðvar um þjónustu við háskólanema.

Fyrir liggur að það er vandkvæðum háð að skilgreina þann kostnað sem hlýst aukalega af því að bjóða upp á fjarnám. Ljóst er að upp kunna að koma tilvik þar sem símenntunarmiðstöðvar anna ekki að öllu leyti þeirri eftirspurn sem er eftir háskólanámi eða annarri þjónustu tengdri miðlun háskólanáms. Í slíkum tilvikum ber stjórnendum viðkomandi miðstöðva að meta hverju sinni hvernig markmiðum miðstöðvanna verði best náð innan fjárhagsramma þeirra. Í því sambandi ber ekki að útiloka gjaldtöku í tengslum við veitta þjónustu.

Háskólar fá greidd sömu framlög frá menntamálaráðuneyti vegna fjarnema og þeirra sem stunda staðbundið nám. Því fylgir hins vegar nokkur kostnaður að bjóða fjarnám m.a. vegna tæknibúnaðar, sérstakrar þróunarvinnu og í mörgum tilfellum kennslu. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa flestar boðið nemendum aðstöðu í námsverum og aðgang að fjarfunda- og tækjabúnaði. Í mörgum tilvikum hefur verið veitt ýmisleg þjónusta í tengslum við fjarnám t.d. vegna námshópa, próftöku og annars þess háttar. Í mörgum tilvikum hafa símenntunarmiðstöðvarnar lagt mikið í þjónustu vegna fjarnáms á háskólastigi sem hefur komið niður á annarri starfsemi símenntunarmiðstöðvanna.

Þessi þróun vekur spurningar um hvaða þjónustu símenntunarmiðstöðvar eiga að veita fjarnemum í háskólum og hvernig skuli greiða fyrir hana. Að mati nefndarinnar hlýtur ákvörðun um slíkt að byggja á samkomulagi milli símenntunarmiðstöðva og háskóla sem veita kennsluna og ákveða hvaða þjónustu nemendurnir eiga að fá. Eðlilegast væri að þessir aðilar gerðu samning sín á milli um þessa þjónustu þar sem skyldur hvors aðila koma fram. Í vissum tilfellum hafa háskólar gert slíka samninga en æskilegt er að slíkir samningar verði samræmdir. Einnig þarf það að vera ljóst gagnvart þeim nemendum sem njóta aðstöðu símenntunarmiðstöðva hverra réttinda þeir njóta. Rétt væri því að nemendur sem njóta þjónustu símenntunarmiðstöðva væru skráðir þar jafnhliða því sem þeir skrá sig til náms við háskóla.

Hvað varðar greiðslu fyrir þá þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar veita sér nefndin fyrir sér fjóra kosti.

- Framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva verði aukið til að standa straum af kostnaði vegna aukins fjölda fjarnema í háskólum og bættrar þjónustu við þá.
- Háskólar greiði símenntunarmiðstöðvum fyrir þá þjónustu sem miðstöðvarnar veita fjarnemum.
- Fjarnemar á landsbyggðinni greiði fyrir þjónustu símenntunarmiðstöðva.
- Hugað verði að verkefnabundinni fjármögnun t.d. með sjóði sem símenntunarmiðstöðvar og háskólar geti sótt í til að standa straum af kostnaði við fjarnám í tímabundnum verkefnum.

Nánar er fjallað um fjármögnun á starfsemi símenntunarmiðstöðva í kafla hér á eftir.

Sú þjónusta sem símenntunarmiðstöðvar veita vegna háskólamenntunar hlýtur alltaf að taka mið af óskum og aðstæðum nemenda á hverjum stað, faglegum kröfum háskóla og þeim fjárhagsramma sem símenntunarmiðstöðvunum er settur. Þær reglur sem menntamálaráðuneytið hefur sett sér um fjárframlög, vegna kennslu á háskólastigi, byggja á reiknilíkani og greiðslum sem renna til háskóla fyrir hvert „nemendaígildi“. Af hálfu ráðuneytisins eru ekki forsendur til að breyta þeim reglum vegna þjónustu við fjarnema. Aukin framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva eiga því að mati menntamálaráðuneytisins að taka mið af áherslum stjórnvalda í byggðamálum um aukna þjónustu við fólk á landsbyggðinni.

Óskir fjarnema um þjónustu af hálfu símenntunarmiðstöðva geta verið mismunandi eftir landssvæðum og ráðast meðal annars af fjarlægð frá háskólastofnunum. Því er ekki hægt að setja sömu reglu fyrir þjónustu allra símenntunarmiðstöðva við háskólanema. Óskir háskóla um þjónustu símenntunarmiðstöðva eru einnig mismunandi. Sumir byggja beinlínis á þjónustu miðstöðvanna. Aðrir háskólar hafa nýtt sér þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna prófatöku en ekki nýtt sér húsnæði eða tæki miðstöðvanna að öðru leyti.

Af hálfu háskólanna hefur verið bent á að þeir hafi ekki tök á að greiða fyrir þjónustu símenntunarmiðstöðva við fjarnema. Þróunarkostnaður og í mörgum tilfellum kennslukostnaður við fjarkennslu er það mikill og það fjármagn sem fylgir hverjum nemenda getur ekki staðið straum af kostnaði vegna þjónustu símenntunarmiðstöðva. Stjórnvöld eru ekki sammála þessu sjónarmiði en benda á að til lengri tíma litið er æskilegt að gert verði samkomulag á milli stjórnvalda, háskóla og símenntunarmiðstöðva um þjónustu við fjarnema. Jafnframt má ætla að í slíkum samningum fylgi reglur um fjárhagsleg samskipti.

Nefndin hefur ekki haft gögn undir höndum til að leggja mat á þennan kostnað. Mikilvægt er að slíkt mat verði gert og á grundvelli þess verði hægt að vinna að samkomulagi milli stjórnvalda, háskóla og símenntunarmiðstöðva.

7. Fjárhagsgrundvöllur símenntunarmiðstöðva við miðlun kennslu á háskólastigi

Fjárhagsgrundvöllur símenntunarmiðstöðva hefur verið styrktur með framlögum ríkisins til þeirra símenntunarmiðstöðva sem staðsettar eru á landsbyggðinni. Undanfarin ár hafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar níu innan Kvasis fengið styrk frá ríkinu til að standa undir kostnaði við tilgreinda þætti. Á fjárlögum 2005 nemur framlag ríkisins til hvernar stöðvar kr. 9.500.000. Þeirri upphæð er ætlað að greiða fyrir starfsmannahald u.þ.b. 5 m.kr., vegna aðstöðu u.þ.b. 2,5 m.kr. og vegna sérverkefna 2,0 m.kr. Á fjárlögum 2005 er auk þess um 1,2 m.kr. framlag til stöðvanna til að standa undir kostnaði vegna reksturs háhraðanets og myndfundþjónustu á FS neti. Framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni eru skv. fjárlögum 2005 samtals 96,3 m.kr.

Einstaka símenntunarmiðstöðvar hafa innheimt gjald af fjarnemendum sem nýta sér aðstöðu til náms. Þar er þó einungis um lágmarks gjald að ræða sem ekki hefur ráðið úrslitum í rekstri stöðvanna. Háskólar hafa ekki greitt gjald til símenntunarmiðstöðva vegna þjónustu við fjarnema. Þjónusta símenntunarmiðstöðva við fjarnema á háskólastigi hefur því fyrst og fremst verið fjármögnuð með beinum framlögum frá ríkinu. Eftir því sem nemendum sem stunda fjarnám á háskólastigi og nýta sér aðstöðu símenntunarmiðstöðvanna fjölgar, hefur þrengt að fjárhag miðstöðvanna. Hætt er við að slíkt komi niður á þjónustu stöðvanna við símenntun. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda.

Nefndin telur að á þessu stigi málsins sé ekki hægt að gera ráð fyrir auknum tekjum símenntunarmiðstöðva vegna gjaldtöku eða framlaga frá háskólum. Hins vegar beri að skoða þá kosti áfram og símenntunarmiðstöðvar, háskólar og stjórnvöld taki afstöðu til þeirra. Eins og málum er háttað er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að auka framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva. Slík framlög hljóti þó ætíð að taka mið af stefnu ríkisins í byggðamálum á hverjum tíma.

Nefndin leggur til að sama grunnframlag verði veitt símenntunarmiðstöðvum áfram til að hægt sé að kosta grunnverkefni þeirra. Jafnframt geti símenntunarmiðstöðvar sem miðla kennslu á háskólastigi fengið sérstakt framlag til viðbótar við grunnframlagið vegna þjónustu við háskólanema. Samkvæmt stefnumótun stjórnvalda í byggðamálum hefur verið ákveðið að efla

þjónustu vegna háskólamenntunar á Vestfjörðum og Austurlandi. Gengur því nefndin út frá því að áfram verði stutt við þjónustu í háskólasetrum á þeim svæðum.

Nefndin skoðaði ýmsa möguleika á því hvernig rétt væri að haga stuðningi við símenntunarmiðstöðvar vegna fjarnáms á háskólastigi. Almenn sátt virðist vera um það sjónarmið að bæta eigi aðstöðu fólks á landsbyggðinni til háskólanáms með því að veita tiltekna þjónustu af hálfu símenntunarmiðstöðva. Hafa símenntunarmiðstöðvar fært rök fyrir því að slík framlög verði hækkuð til þess að hægt sé að bjóða þjónustu við háskólanema með byggingu námsvera og annarrar námsaðstöðu. Sé litið til framtíðar er það skoðun nefndarinnar að takmörk séu fyrir því hve langt sé hægt að ganga í slíkri jöfnun á aðstöðu út frá byggðasjónarmiðum með því að byggja upp þjónustu vegna háskólanáms. Til lengri tíma litið eigi fagleg sjónarmið háskóla að ráða hversu mikla þjónustu símenntunarmiðstöðvar veiti fjarnemum á háskólastigi.

Nefndin telur að gild rök séu fyrir því að auka fjárframlög ríkisins beint til símenntunarmiðstöðva vegna háskólamenntunar. Á grundvelli kostnaðargreiningar milli fjarnáms og staðarnáms ber að meta hver sú greiðsla gæti verið. Loks má sjá fyrir sér að liður í fjármögnun starfsemi símenntunarmiðstöðva vegna háskólamenntunar væri einhvers konar þróunarstyrkir sem þær gætu sótt um til tiltekinna verkefna í þróun þjónustu vegna fjarnáms.

Mikilvægt er að fólki á landsbyggðinni sé sköpuð aðstaða til að stunda háskólanám og þar gegna símenntunarmiðstöðvar stóru hlutverki í að miðla fjarkennslu og skapa aðstöðu fyrir nemendur. Þessi þjónusta símenntunarmiðstöðva vegna háskólanáms má hins vegar ekki skyggja á starf þeirra í símenntun sem er nauðsynlegt til að hækka menntunarstig á landsbyggðinni.

8. Uppbygging háskólanámssetra

Í samræmi við stefnumótun stjórnvalda varðandi menntun á landsbyggðinni sem sett var fram í byggðaaætlun fyrir árin 2002-2005 um að efla möguleika fólks á Vestfjörðum og á Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar, hefur verið unnið að því að koma á fót þekkingarsetrum á Ísafirði og Egilsstöðum. Einnig hefur verið sett á laggirnar þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík. Vonast er til að í kjölfarið skapist forsendur fyrir fjölbreyttara atvinnulífi, sérhæfðari störfum og að samstarf mennta- og rannsóknarstofnana við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum aukist.

Þann 12. mars 2005 var stofnað Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Háskólasetrið er sjálfseignarstofnun með aðild háskólanna í landinu og fjölda fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum. Háskólasetrið tekur að sér að sinna þeirri þjónustu sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sinnt til þessa og gerir setrið samstarfssamning við stjórn Fræðslumiðstöðvar þar um. Starfsemi háskólasetursins byggir því á símenntun, rannsóknum og þjónustu við háskólanema. Háskólasetrið er í nábýli við Þróunarsetur Vestfjarða sem er samstarfsvettvangur þekkingarfyrirtækja á Vestfjörðum. Engin reynsla er komin á starfsemi stofnunarinnar umfram þá þjónustu sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur til þessa veitt. Gerð hefur verið grein fyrir fjárþörf Háskólaseturs Vestfjarða og hefur menntamálaráðherra lagt fram tillögur um að rekstur háskólasetursins verði tryggður.

Á Egilsstöðum var Háskólanámssetur stofnað árið 2003. Fræðslunet Austurlands (FNA) hefur tekið að sér rekstur setursins út árið 2005. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið er háskólanámssetrinu jafnframt ætlað að tengja setrið rannsóknarstofnunum og atvinnulífi á Austurlandi. Það samstarf hefur hins vegar ekki komist á með markvissum hætti en nú hefur starfshópur á vegum menntamálaráðherra skilað skýrslu með tillögum um Þekkingarnet Austurlands sem hafi það hlutverk að efla og samhæfa háskólamenntun, símenntun og rannsóknir í landsfjórðungnum.

Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík starfar í tengslum við Náttúrustofu Norðausturlands og Fræþing.

Það er því ljóst að ekki er komin nægjanlega reynsla af rekstri þekkingarsetra sem byggjast á símenntun, rannsóknum og háskólamenntun til þess að hægt sé að gera tillögur um frekari uppbyggingu annars staðar. Af þessari stuttu umfjöllun af uppbyggingu þekkingarsetra á Austurlandi og Vestfjörðum má sjá að starfsemi þeirra er ennþá í mótun en mikilvægt verður að meta það þegar reynsla er komin á starfið.

Nefndin leggur því ekki til að stofnuð verði fleiri þekkingarsetur að sinni, heldur verði stutt við að símenntunarmiðstöðva þrói frekar þjónustu við háskólanema.

Nefndin ítrekar að frekari uppbygging sem byggir á grunni símenntunarmiðstöðva verði verkefni sem séu í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og áherslur í byggðamálum.

9. Skipulag fjarkennslu á háskólastigi - netháskóli

Erlendis hafa víða verið settir á fót netháskólar (*virtual universities*) í þeim tilgangi að koma skipulagi á námsframboð í fjarkennslu og stuðla að samstarfi háskóla á því sviði. Í starfsemi netháskóla er lögð áhersla á að auka námsframboð, koma til móts við auknar kröfur um símenntun á háskólastigi og styðja við menntun í dreifbýli og svæðisbundna þróun.

Tæknilega standa háskólar og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi vel að vígi við að miðla fjarkennslu. Rannsóknar- og háskólanet tengir saman háskóla og rannsóknarstofnanir. FS-net framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva nær til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og útibúa þeirra á um 40 stöðum á landinu. Sameiginlegt bókasafnskerfi, landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum jafna aðgang að gögnum víða um land. Einnig hefur verið unnið að samhæfingu nemenda- og upplýsingakerfa háskóla.

Enn er námframboð takmarkað og háskólar standa mismunandi að vígi hvað varðar stoðþjónustu fyrir fjarkennslu og þróun kennsluaðferða. Æskilegt væri að framboð á fjarnámi væri samræmt að einhverju leyti og nemendum gert kleift að stunda nám með dreifnámsmótti þannig að þeir geti sótt sérhæfð námskeið í ólíkum skólum og sett nám sitt saman með mismunandi hætti. Einnig væri þörf fyrir samstarfsvettvang háskóla og símenntunarmiðstöðva um miðlun náms.

Netháskóli getur ekki síst gegnt veigamiklu hlutverki í byggðaðróun. Þannig getur hann stuðlað að fjölbreyttara námsframboði fyrir ólík byggðarlög og jafnframt opnað möguleika á að sérsníða nám með dreifmenntunarfyrirkomulagi sem kemur til móts við þarfir á tilteknum landssvæðum. Með því að margir háskólar leggi saman krafta sína í að skipuleggja námsframboð má ná fram aukinni fjölbreytni, sérhæfingu og aðlögun að þörfum ólíkra landssvæða.

Nauðsynlegt er að taka tillit til alþjóðlegs samstarfs og hvernig íslenskur netháskóli getur þróað námsframboð á alþjóðlega vísu, til dæmis á sviði sjávarútvegs- eða jarðhitarannsókna. Á norrænum og evrópskum vettvangi er nú verið að vinna að þróun sameiginlegra netháskóla. Ef Ísland á að fylgja með í þeirri þróun er nauðsynlegt að huga að uppbyggingu netháskóla hér á landi. Þar sem Ísland er fámennt land hafa háskólar hér á landi mikinn ávinning af því að tengjast háskólum í öðrum löndum með formlegum hætti með netháskólafyrirkomulagi.

Nokkrar leiðir hafa verið farnar við skipulag netháskóla:

- o Sérstök deild í háskóla sem sér um fjarkennslu innanlands og á alþjóðavísu.
- o Samstarf háskóla (samlag) sem samhæfa námsframboð á Netinu, oft með sameiginlegri vefgátt
- o Sjálfstæð eining sem býður ekki námskeið en samhæfir þróunarstarf og rannsóknir og er ráðgefandi varðandi ákvarðanatöku.

Huga þarf að því til hvaða markhópa á að höfða: Hvernig á að koma til móts við þarfir markaðarins, félagslegar kröfur og akademískar kröfur. Tryggja þarf gæði dreifmenntunar með hliðsjón af hefðbundinni menntun auk þess sem móta þarf framlög og fjárveitingarumhverfi slíks náms. Leggja þarf sérstaka áherslu á þjálfun kennara varðandi dreifmenntun. Til dæmis hæfni þeirra til að nýta sér upplýsingatækni við kennslu og stunda rannsóknir samhliða því að tryggja þeim aðgengi að rannsóknaraðstöðu og byggja upp slíka aðstöðu til staðbundinna rannsókna og háskólanáms á landsbyggðinni.

Vinnuhópurinn leggur til að gerð verði úttekt á möguleikum þess að stofna netháskóla hér á landi. Kannaðar verði erlendar fyrirmyndir, mögulegt samstarf háskóla hér á landi og tæknilegar, faglegar, skipulagslegar og fjárhagslegar forsendur slíkrar starfsemi.

10. Lokaorð

Símenntunarmiðstöðvar standa nú á vissum tímamótum í starfsemi sinni. Eftir hraða uppbyggingu undanfarin ár hefur nú dregið úr vexti í símenntun en á móti hefur fjarnemum fjölgað. Símenntunarmiðstöðvar hafa notið þess að vera í sterkum tengslum við samfélagið á hverjum stað og sem sjálfseignarstofnanir hafa þær haft sveigjaleika til að bregðast við ólíkum aðstæðum.

Símenntun er að mestu fjármögnuð með námskeiðsgjöldum en jafnframt hafa atvinnurekendur og verkafélög tekið þátt í kostnaði við símenntun. Vöxtur í símenntun setur því ekki beinar kröfur á fjárframlög frá ríkinu. Öðru máli gegnir um háskólamenntun en þar er fjármögnun nær alfarið á hendi ríkisins. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um fjármögnun á háskólamenntun rennur fé til háskóla samkvæmt reiknilíkani sem miðast við fjölda nemenda. Ekki er tekið tillit til þess hvort um er að ræða fjarkennslu eða hefðbundna kennslu. Ekki hefur því verið rúm fyrir greiðslu vegna þjónustu símenntunarmiðstöðva innan hefðbundins ramma fjárveitinga til háskólamenntunar. Á grundvelli byggðastefnu hafa verið veitt aukin framlög til þekkingarsetra á landsbyggðinni og símenntunarmiðstöðva.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki verði sett allsherjar regla um starfsemi símenntunarmiðstöðva og þjónustu þeirra við háskólanema. Starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur þróast á ólíkan hátt í samræmi við þarfir á hverjum stað fyrir sig og er óráðlegt að setja samræmdar reglur þar um. Það fjarnám sem í boði er af hálfu háskóla er einnig skipulagt með ólíkum hætti og háskólar nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva í mismiklu mæli. Ekki er því með einföldum hætti hægt að segja til um hvernig háskólar eigi að nýta sér aðstöðu símenntunarmiðstöðva. Eins og málum er nú háttað er mikilvægt að viðhalda sveigjanlegum ramma um starfsemi símenntunarmiðstöðva og skipulag háskóla á fjarmenntun.

Að undanfögnu hafa verið lögð drög að starfsemi háskólasetra á Egilstöðum og Ísafirði. Þar er gerð tilraun með að tengja saman háskólamenntun, rannsóknir og símenntun með víðtæku samstarfi stofnana og fyrirtækja. Enn hefur ekki fengist nægjanleg reynsla á þetta fyrirkomulag og er það mat nefndarinnar að rétt sé að leggja frekara mat á starfsemina áður en hvatt er til frekari uppbyggingar.

Framboð á námsleiðum í fjarnámi er forsenda fyrir uppbyggingu á þjónustu við háskólanema á landsbyggðinni. Nefndin leggur áherslu á að reynt verði að tryggja fjölbreytt námsframboð í fjarnámi.

Það er von nefndarinnar að símenntunarmiðstöðvar í landinu haldi áfram að vaxa og styrkja búsetuskilyrði í dreifbýli. Það er mikilvægt að gera fólki á landsbyggðinni kleift að stunda fjölbreytt nám á öllum skólastigum, bæði formlegt og óformlegt, sem næst heimabyggð. Nauðsynlegt er að fjölga markvisst í þeim hópi sem hefur formlegt háskólapróf og getur látið landsbyggðina njóta góðs af kunnáttu sinni. Náin samvinna símenntunarmiðstöðva við atvinnulífið á landsbyggðinni verður vonandi til þess að þekkingarstörfum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgi og þau festist í sessi á landsbyggðinni.

Samþykkt í Reykjavík í desember 2005

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, formaður.

Arnór Guðmundsson, þróunarstjóri, menntamálaráðuneyti.

Stefán Stefánsson, deildarstjóri, menntamálaráðuneyti.

Inga Sigurðardóttir, framkvæmdarstjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar.

Rögnvaldur Ólafsson, dósent við H.Í.

Ögmundur Knútsson, framkvæmdastjóri starfsþróunar og stefnumótunar við H.A.